EUROCARD
STAÐFEST LÁNSTRAUST

Morgunblaðið

Við framköllum stórar og vandaðar litmyndir á mettíma
FRAMKÖLLUN Á STUNDINNI
AUSTURSTRÆTI 22 - S. 62 13 50

MIÐVIKUDAGUR 2. OKTÓBER 1985 VERÐ Í LAUSASÖLU 35 KR.

Sigló hf. og Niðursuðuverksmiðjan á Ísafirði:

Samið um sex þúsund tonn af „Rússarækju“

GENGIÐ hefur verið frá samningum við Rússa um pillun á 6.000 lestum af rækju í rækjuverksmiðju Sigló í Siglufirði og Niðursuðuverksmiðjunni á Ísafirði. Þetta magn verður unnið á næstu 12 mánuðum en verksmiðjurnar hafa það sem af er árinu, pillað 3.000 lestir af „Rússarækjunni“.

Jón Guðlaugur Magnússon er stjórnarformaður beggja verksmiðjanna og hefur séð um gerð samninga við Rússa og sölu rækjunnar til Bandaríkjanna að lokinni vinnslu hér með milligöngu fyrirtækisins Marbakka, sem hann veitir einnig forstöðu. Jón Guðlaugur sagði í samtali við Morgunblaðið, að verksmiðjurnar hefðu pillað rækju fyrir Rússa síðastliðin tvö ár með góðum árangri. Þessar verksmiðjur væru auk þess með mestu framleiðsluna af íslenzku rækjunni eða um fjórðung alls. „Rússarækjan“ kæmi sér vel við að jafna vinnsluna, þegar lítið aflaðist, en hún væri reyndar unnin alveg af einni vakt í báðum verksmiðjunum.



Morgunblaðið/RAX


Altaristafla eftir Kjarval á Kjarvalsstöðum

JÓHANNES Kjarval málaði þessa altaristöflu fyrir kirkjuna í Ríp í Hegranesi árið 1923. Ólafur Gunnarsson læknir hafði milligöngu um að fá Kjarval til að mála altaristöfluna, en þannig fór að hún var aldrei hengd upp, því sóknarnefndin hafnaði henni. Altaristaflan lenti því uppi á kirkjulofti og var þar í mörg ár, en var síðan komið til viðgerðar í Danmörku.

Ólafur Sigurðsson á Hellulandi í Skagafirði keypti myndina og kom með hana til Íslands. Halldór Laxness sá myndina á Hellulandi og falaðist eftir henni. Þegar Ólafur dó seldi ekkja hans Halldóri altaristöfluna og hefur hún verið í eigu hans síðan.

Á myndinni eru starfsmenn Kjarvalsstaða, Þóra Kristjánsdóttir listráðunautur og Stefán Halldórsson, með altaristöfluna.

Sjá bls. 7.



Morgunblaðið/Einar Falur.

Stórskoðun á Vesturfara

VESTURFARI, ein þriggja DC-véla Flugleiða, er nú í mikilli skoðun á Keflavíkurflugvelli. 60—70 flugvirkjar vinna við skoðunina sem tekur um 3 vikur. Farið er gaumgæfilega yfir alla flugvélina og hún tekin í sundur að nokkru leyti til að athuga leiðslur og takka o.s.frv. Þetta er svokölluð C-skoðun, sem er stærsta skoðunin sem framkvæmd er hér heima. Voru þessar skoðanir áður gerðar í Luxemborg, en skoðun Vesturfara er önnur skoðun af þessari stærð sem framkvæmd er hér heima. Myndin var tekin af flugvirkjum að störfum á Keflavíkurflugvelli í gær.

Garðabær:

Iðgjöld trygginga lækka um helming

ÞESSI samningur hefur í för með sér stórfellda lækkun á iðgjöldum fyrir bæjarbúa. Í fyrra greiddu bæjarbúar í Garðabæ Brunabótafélagi Íslands um 2 milljónir króna í iðgjöld og það *lætur nærri að upphæðin á næsta tryggingarári verði helmingi lægri.* Þetta sannar gildi þess að bjóða þessar húsatryggingar út,“ sagði Sigurður Sigurjónsson forseti bæjarstjórnar Garðabæjar um nýgerðan samning Garðabæjar og Brunabótar um iðgjöld til næstu 5 ára.

Bæjarstjórn Garðabæjar hugðist segja samningi sínum við Brunabótarfélagið upp sl. vetur og bjóða tryggingarnar út. Lögum samkvæmt ber að segja slíkum samningum upp með 6 mánaða fyrirvara, en uppsagnarbréf stjórnarinnar barst Brunabót einum degi of seint og dæmdi gerðardómur því uppsögnina ógilda.

„Við vildum ekki una við þau málalok, ekki síst vegna þess að við höfðum áður tilkynnt uppsögnina munnlega, og hófum því viðræður við Brunabótafélagið um lækkun iðgjalda eftir að gerðardómur féll. Samningar tókust með ágætum og það má segja að samkeppni tryggingarfélaganna hefur sannað ágæti sitt,“ sagði Sigurður Sigurjónsson.

Upptæka kjötið til varnarliðsins:

Hvorki herinn né umboðsfyrirtækið telur sig eiga að borga kjötið

— sem tollgæslan ætlar að brenna vegna gruns um smithættu

HVORKI bandaríska varnarliðið í Keflavík né íslenska innflutningsfyrirtækið, sem flutti inn kjötið er tollgæslan í Reykjavík gerði upptækt í síðasta mánuði, telur að sig varði um afdrif þess eða reikningsins fyrir því. Um var að ræða 240 kíló af hráu kjötmeti, sem flutt var frá Danmörku fyrir varnarliðið er ætlaði að nota það til neyslu á þýskættaðri októberhátíð, sem haldin er í liðsforingjaklúbbnum á Vellinum á hverju hausti. Veislan var haldin í fyrri viku en þar var á boðstólum annar matur, sem til var fyrir í forðabúrum hersins, að því er Dottie Schmidt, liðsforingi á upplýsingaskrifstofu liðsins, sagði í samtali við blm. Morgunblaðsins. Um var að ræða reykt svínakjöt, reykt flesk, þýskar og pólskar pylsur og fleira þess háttar, sem tilheyrir októberhátíðum.

Kristinn Ólafsson tollgæslustjóri sagði í viðtali við Morgunblaðið á laugardaginn, að kjötið hefði verið gert upptækt á grundvelli gin- og klaufaveikilaganna frá 1928 og að Páll A. Pálsson yfirdýralæknir hefði komist að þeirri niðurstöðu, að kjötið frá Danmörku mætti ekki flytja inn á grundvelli þeirra laga. Taldi Kristinn, að kjötinu yrði brennt.

Schmidt liðsforingi sagði að kjöt þetta hefði verið pantað í góðri trú frá Danmörku um mánaðamótin maí-júní í gegnum heildverslun Karls K. Karlssonar í Reykjavík. „Kjötið barst okkur aldrei og það er því okkur óviðkomandi,“ sagði hún. „Af hálfu varnarliðsins hefur ekki verið kvartað yfir því að það hafi verið gert upptækt enda er þessi vara okkur óviðkomandi. Liðsforingjaklúbburinn mun því ekki greiða fyrir þetta kjöt - það er eign íslenska umboðsfyrirtækisins.“

Magnús Jóhannsson, framkvæmdastjóri K.K. Karlssonar, sagði fyrirtækið aðeins hafa pantað umrætt kjöt ásamt talsverðu af frystu grænmeti fyrir varnarliðið frá matvæladreifingarfyrirtækinu Emborg í Álaborg í Danmörku. „Það er að sjálfsögðu ekki okkar að greiða það enda eru reikningar frá Emborg stílaðir á varnarliðið. Það var pantað fyrir herinn og því hlýtur hann að borga. Hvort herinn gerir svo endurkröfu á íslenska ríkið veit ég ekkert um,“ sagði Magnús. „Það hefur ekkert samband verið haft við okkur út af þessu máli enda gerðum við ekki annað en að panta umbeðna vöru frá fyrirtæki, sem við höfum umboð fyrir hér.“

Hann sagði að fyrirtæki sitt gæti að sjálfsögðu ekki setið undir því, að flutningsleiðin skipti máli um lögmæti innflutnings. „Það getur augljóslega ekki gengið, að leyfilegt sé að flytja vöru inn flugleiðis en ekki sjóleiðis,“ sagði hann. „Það verður að krefjast þess af ríkisstjórn eða alþingi að það liggi ljóst fyrir hvað sé löglegt og hvað ólöglegt í þessum efnum. Og svo má ekki gleyma kjarna málsins í þessu, sem er að þetta kjöt var allt stimplað í bak og fyrir og viðurkennt sem ósýkt vara af dönskum heilbrigðisyfirvöldum.“

Jóakim Danaprins heimsækir Ísland

Kaupmannahöfn, 1. október. Frá Ib Björnbak, fréttaritara Morgunblaðsins.



Jóakim Danaprins

YNGSTI sonur Margrétar Danadrottningar, *Jóakim*, kemur í bekkjarferð til Íslands í skólaleyfi 14. til 19. október, og segir í dagblaðinu *Berlingske Tidende* í dag, að prinsinn muni búa hjá Vigdísi Finnbogadóttur ásamt tveimur öryggisvörðum. Jóakim prins er í þriðja bekk í menntaskóla.

Bekkjarfélagar hans munu búa hjá menntaskólanemum í Reykjavík, en í blaðinu segir, að Vigdís hafi boðið prinsinum að búa hjá sér og öllum bekknum í heimsókn, þegar hún frétti að hann væri væntanlegur til landsins.